



Töluverð fiskiskipafjárfesting í farvatninu

Útlit er fyrir talsverða aukningu í fjárfestingu útgerða vegna endurnýjunar skipaflotans á næstu árum. Tilkynnt hefur verið um nýsmíði á fiskiskipum fyrir um 27 ma.kr. á næstu árum en þar yrði um að ræða nokkurn fjárfestingarkúf samborið við sögulegar fjárfestingar í greininni.

Mestur þunginn í fjárfestingunni liggur á árinu 2016 þegar ráðgert er að átta nýir ísfisktogarar bætist við flotann. Heildarfjárfestingin á því ári nemur 17,7 ma.kr.

HB Grandi með mestu fjárfestinguna

Af einstökum fyrirtækjum liggur fjárfestingin mest hjá stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins, HB Granda, en félagið hefur samið um smíði á alls 5 skipum sem afhent verða á næstu árum. Um er að ræða tvö uppsjávarskip og þrjá ísfisktogara, samtals að verðmæti 14 ma.kr.

Samherji, Útgerðarfélag Akureyringa og Fisk Seafood gerðu nýlega samning við tyrknesku skipasmíðastöðina Cemre Shipyard um smíði á fjórum ísfisktogurum en heildarverðmæti þessara samninga er um 10 ma.kr.

Vinnslustöðin og Hraðfrystihúsið Gunnvör eru með tvo ísfisktogara í smíðum í Kína, sem hvor um sig er 1,5 ma.kr. fjárfesting.


Fjárfesting á þessu ári yfir 7 ma.kr.

Fjárfesting á þessu ári verður umtalsverð og a.m.k. á áttunda milljarð króna. Ísfélag Vestmannaeyja fékk nýlega afhent uppsjávarskip og nemur heildarfjárfesting í því um 4 ma.kr. Þessu til viðbótar komu í febrúar tvö skip til landsins en fjárfesting í þeim nam samtals 3,4 ma.kr.

Fremur lítil fjárfesting á síðustu árum

Fjárfesting í nýjum fiskiskipum hefur verið fremur lítil á síðustu árum og hefur það að sögn útgerðarmanna að hluta komið til vegna þeirrar óvissu sem umlukið hefur breytingar á


Innflutningur á fiskiskipum



Á föstu gengi. Rauðgulu súlurnar sýna ráðgerða fjárfestingu í fiskiskipum

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Eiginfjárhlutfall sjávarútvegsins



Heimild: Hagstofa Íslands

fiskveiðistjórnunarkerfinu. Gengisfallið árið 2008 skiptir ekki síður máli enda versnaði eiginfjárstaða í greininni verulega og varð eiginfjárlutfallið neikvætt í árslok 2008. Mikill vöxtur skulda samfara gengisfallinu setti því fjárfestingu í greininni verulegar skorður. Á síðustu árum hafa verulega góð rekstrarskilyrði gert greininni kleift að greiða niður skuldir sem hefur bætt eiginfjárstöðuna og skapað svigrúm fyrir aukna fjárfestingu.

Mörg skip komin til ára sinna




Nýju skipin munu leysa eldri skip af hólmi. Sum hver eru komin vel á aldur en eitt skipanna er hálfrar aldar gamalt. Þeir togarar sem aflagðir verða hjá HB Granda eru að meðaltali 33 ára gamlir. Töluverð fjárfesting var í fiskiskipum á árunum í kringum síðustu aldamót. Á árunum 1999 til 2002 voru flutt inn fiskiskip fyrir að meðaltali 9,2 ma.kr. á ári hverju. Frá 2003 hefur meðalfjárfestingin numið 4,2 ma.kr. sem er til jafns við að fjárfest væri í einum og hálfum togara af stærri gerðinni á hverju ári. Þessi fjárfesting hefur reynst of lítil til að halda aftur af öldrun fiskiskipaflotans en meðalaldur skipa yfir 500 brúttótonnum hefur farið úr 25 árum árið 2004 í 29 ár 2013.

Útgerðin að færa sig úr frystum fiski yfir í ferskan

Gera má ráð fyrir að fleiri fyrirtæki en þau sem talin hafa verið upp séu í fjárfestingarhugleiðingum. Þar getur skipt máli að veiðigjöldin hafa að sögn útgerðarmanna gert útgerð frystiskipa töluvert óhagkvæmari. Af öllum þeim fiskiskipum sem eru nú í smíðum erlendis er enginn frystitogari en níu ísfisktogarar. Frá árinu 1997 til 2008, að frátöldu árinu 2007, var EBITDA-framlegð (EBITDA sem hlutfall af tekjum) ávallt hærri hjá frystitogurum en ísfisktogurum. Frá og með árinu 2009 hefur þetta snúist við og EBITDA-framlegð ísfisktogara verið hærri á hverju ári.

Hlutfallslega meira flutt út af ferskum þorski

Samfara þessu hefur hlutfallið milli frysts og fersks þorsks breyst. Sé horft til útflutnings á ferskum og frystum þorski frá 2004 til 2013 kemur í ljós að um þriðjungur veidds þorsks hefur verið ísaður en 66% verið frystur. Nokkrar sveiflur hafa verið í þessu hlutfalli frá ári til árs en hlutfall ísaðs þorsks hefur leitað upp á við yfir tímabilið. Milli áranna 2010 og 2013 fór hlutfall ísaðs þorsks úr 31% upp í 39% sem er vel að merkja hæsta hlutfallið á öllu tímabilinu.





Nýju skipin auka tekjur og draga úr kostnaði

Nýju fiskiskipin munu almennt séð skapa bæði meiri tekjur og draga úr kostnaði. Aukning tekna kemur m.a. til vegna verðmætari afla sem þau koma með að landi bæði vegna þess að þau ganga hraðar en einnig vegna betri og nútímalegri kælikerfa. Kostnaðarlækkunin liggur ekki hvað síst í mun betri eldsneytisnýtingu en í í gömlu skipunum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.